

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1871*  
*komudagur 5.3.2013*

Velferðarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

MINNISBLAÐ

**Efni:** Breytingartillögur á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.).

**Eftirtaldar breytingartillögur eru lagðar til vegna 2. gr. frumvarpsins**

a. liður 2. gr. frumvarpsins orðast svo:

5. mgr. orðast svo:

*Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og og allt munntóbak, þ.m.t. skrotóbak. Hámarksrakastig neftóbaks skal ekki fara yfir 35% og að minnsta kosti helmingur korna þess skal vera stærri en 0,5 mm að þvermáli. Í reglugerð skal kveðið á um að alþjóðlega viðurkenndir aðilar skulu annast mælingar og prófanir á tóbaki í þeim tilgangi að meta hvort það standist lagaskilyrði um hámarksrakastig og kornastærð og um framkvæmd mælinga í þessu skyni. Ef ekki er unnt að mæla eða gera viðunandi prófanir á tóbakinu skal tóbaksvaran ekki heimiluð hér á landi. Framleiðendur og innflytjendur tóbaks standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir í þessu skyni.*

Lagt er til að b. liður 2. gr. verði felldur brott. Verði ekki á það fallist er lagt til að b. liður 2. gr. orðist svo:

Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

*Bannað er að flytja inn, framleiða og selja reyklaust tóbak sem sérstaklega er beint að börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, með tilliti til bragð-,lyktarefna og útlits.*

**Eftirtaldar breytingartillögur eru lagðar til vegna 5. gr. frumvarpsins.**

Lagt er til að 1. mgr. hinnar nýju 11. gr. a, orðist svo:

*Ráðherra setur reglugerð um vöruval, innkaup og framleiðslu á tóbaki. Skal reglugerðin vera í fullu samræmi við meginreglur EES-samningsins og hafa sérstaklega til hliðssjónar 13. gr. sbr. 11. gr. samningsins, um frjáls vöruviðskipti á milli aðildarríkja, bann gegn gerræðislegri mismunun og duldar hömlur á viðskipti samningsaðila. Í reglugerðinni skal kveða á um skyldu ÁTVR til þess að beita hlutlægum mælikvarða við ákvarðanatöku, sérstaklega þegar um ræðir ákvarðanir um vöruval og innkaup á tóbaki.*

Rétt er svo að lögjafinn setji í lok ákvæðisins inn frekar faglega mælikvarða sem leggja á til grundvallar.

Lagt er til að 2. mgr. falli brott. Verði ekki á það fallist er lagt til að 2. mgr. verði orðuð svo:

*ÁTVR er heimilt að hafna tóbaksvörum sem er sérstaklega beint að börnum eða ungmennum undir 18. ára aldri, með tilliti til bragð-, lyktarefna og útlits.*

Lagt er til að 3. mgr. falli brott.

Lagt er til að 5. mgr. falli brott.

*Um breytingartillögu á a lið 2. gr.*

Hingað til hefur verið kveðið á um leyfilega hámarks kornastærð neftóbaks með reglugerð. Hinsvegar verður að telja réttara að kveðið sé á um hámarks kornastærð neftóbaks í lögnum sjálfum, í stað þess að fela ráðherra ótakmarkað vald í þeim efnun, til þess að tryggja að ekki sé um of víðtækt valdframsafal að ræða til ráðherra, andstætt stjórnarskrá. Á sama grundvelli verður að telja réttara að þrengja reglugerðarheimild a liðar 2. gr. sem kveður á um að ákveða skuli með reglugerð hver sé bær til að annast mælingar og prófanir á tóbaki í þeim tilgangi að meta hvort heimilt sé að setja það á markað hér á landi. Er lagt til að lögin sjálf kveði að minnsta kosti á um að þeir aðilar skuli vera alþjóðlega viðurkenndir.

Þá er einnig lagt til að settar verði takmarkanir á hámarksrakastig neftóbaks. Ljóst er að ef rakastig neftóbaks er hátt, veitir það frekari möguleika á því að það sé notað sem munntóbak. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB er allt munntóbak bannað (þó ekki í Svíþjóð og Noregi, skv. undanþágu í EES-samningnum). Með því að takmarka hámarksrakastig neftóbaks í lögum við 35% er dregið verulega úr líkunum á því að hér á landi sé í boði neftóbak sem er í eðli sínu nær því að teljast munntóbak og gæti mögulega talist munntóbak í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB.

*Um breytingartillögu á b lið 2. gr.*

Tillaga að tilskipun hefur verið lögð fram af Evrópuþinginu og ráðinu sem felur í sér bann á innflutningi, framleiðslu og sölu á tóbaksvörum sem innihalda bragðefni. Er tilskipuninni ætlað að sporna við því að börn og ungmenni ánetjist tóbaki.<sup>1</sup> Hér er um sambærilegt ákvæði að ræða og ef tilskipunin nær fram að ganga mun hin íslenska tóbakslöggjöf þurfa að taka mið af henni. Hinsvegar er enn óljóst hvort tilskipunin muni ná fram að ganga þar sem að umdeilt er hvort um löglega og réttlætanalega takmörkun sé að ræða. Hér verður meðal annars að vega og meta hvort nægilega verulegir hagsmunir séu til staðar til þess að réttlæta skerðinguna sem breyting sem þessi hefur óhjákvæmilega á atvinnufrelsi sem meðal annars er varið af 74. gr. stjórnarskrárinnar hér á landi.

Ferlið mun taka nokkurn tíma og því er lagt til að b. liður 2. gr. verði felldur brott úr frumvarpinu þar til ljóst er hvort takmörkun sem þessi standist lög. Verði ekki á þá tillögu fallist er að minnsta kosti lagt til að bannið nái eingöngu til tóbaksvara sem beint er sérstaklega að börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri. Nauðsynlegt er að afmarka með skýrum hætti um hvaða markhóp er að ræða og í því sambandi verður að telja hugtakið „ungt fólk“ alltof víðtækt. Þá er einnig lagt til felld verði brott seinni málsliður greinarinnar: „...útlits, stærðar og lögunar umbúða, heitis vöru og markaðssetningar og framsetningar hennar að öðru leyti.“

Telja verður lögin og lagarammann nægilega skýran nú þegar hvað varðar leyfilegt útlit, stærð, lögun umbúða, heiti vöru, markaðssetningu og framsetningu. Ekki má gleyma því að markaðssetning á tóbaki er óheimil í dag samkvæmt lögum.

<sup>1</sup> [http://ec.europa.eu/health/tobacco/docs/com\\_2012\\_788\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/health/tobacco/docs/com_2012_788_en.pdf)

*Um breytingartillögur á 5. gr. frumvarpsins.*

Verði 5. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt verður lögfest í 11. gr. a. ómálefnaleg heimild til handa ÁTVR til þess að velja og hafna hvaða vörur fá aðgang að hinum íslenska markaði. Slík heimild mun mjög líklega leiða af sér hindranir á innflutning á tóbaksvörum sem hafa verið löglega markaðssettar í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Slík heimild hefði einnig afar afdrifarík áhrif á samkeppnisaðila ÁTVR og má þar nefna að samkeppnisaðilum ÁTVR yrði ófært að flytja inn og selja vörur sem væru í samkeppni við framleiðslu ÁTVR, þ.e. íslenska neftóbakið. Hér yrði því um verulega mismunun að ræða gagnvart innfluttum vörum sem brýtur gegn ákvæðum EES-samningsins og er afar umdeilanleg með tilliti til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá verður ekki á það fallist að heimild standi til þess að fela ÁTVR vald til þess að velja og hafna hvaða vörur fái aðgang að íslenska markaðinum á grundvelli síns huglæga mats. Að óbreyttu verður ÁTVR færð alger einokunarstaða á markaði fyrir neftóbaksvörur á silfurfati. Gera verður þá kröfu að val á þeim vörum, sem veita á aðgang að hinum íslenska markaði, sé byggt á hlutlægum mælikvarða í samræmi við meginreglur EES-samningsins. Sérstaka hliðsjón ber einnig að hafa af dómi EFTA dómstólsins í máli E-2/12 HOB-vín ehf. gegn Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem ítrekar að sjónarmið um vöruval verði að byggja á málefnalegum forsendum og vera í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Að öllu framangreindu virtu er ljóst að sú reglugerðarheimild sem 5. gr. frumvarpsins felur í sér er alltof rúm og felur í sér fullt og ótakmarkað framsal á lagasetningarvaldi, í andstöðu við stjórnarskrá.

Félag atvinnurekenda lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



---

Almar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda